



FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Fyrir 10-16 ára börn og unglunga (5.-10. bekkur)

Í Reykjavík eru fjórar frístundamiðstöðvar sem starfrættar eru af skóla- og frístundasviði og heyrir starfsemi félagsmiðstöðvanna í borginni undir þær. Félagsmiðstöðvarnar eru í nærumhverfi grunnskóla borgarinnar og staðsettar víðsvegar um borgina. Upplýsingar um staðsetningu, síma og heimasíðu allra félagsmiðstöðva í Reykjavík er að finna á [vef Reykjavíkurborgar](#). Félagsmiðstöðvar eru opnar seinni part dags fyrir bæði 10-12 ára og 13-16 ára og einnig á kvöldin fyrir 13-16 ára. Þar sem félagsmiðstöðvar eru venjulega í göngufæri við heimili ungmenna er algengt á Íslandi að þau fari í félagsmiðstöð frá 19:30-22:00 nokkur kvöld í viku. Nánari upplýsingar um opnunartíma, dagskrá og starfsfólk sem þar starfar er að finna á heimasíðu eða samfélagsmiðlum viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Hvað er félagsmiðstöð?

Hlutverk félagsmiðstöðva er að bjóða börnum og unglungum á aldrinum 10 – 16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi. Rannsóknir sýna að þátttaka í skipulögðu frístundastarfi stuðlar að heilbrigðum lífsstíl unglunga og hefur jákvæð áhrif á námsárangur.

Börn og unglingar hafa þörf fyrir að tilheyra hópi, eiga í samskiptum og njóta samveru með jafningjum. Í félagsmiðstöðvum fást börn og unglingar við fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem lögð er áhersla á virkni, frumkvæði og sköpun.

Hvað er gert í félagsmiðstöð?

Opið starf: Felur í sér fjölbreytt frístundatillboð sem standa öllum til boða. Börn og unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Opið starf er kjörinn vettvangur fyrir börn og unglunga til að mynda tengsl sín á milli og fyrir starfsfólk til að spjalla og tengjast börnum og unglungum. Viðburðir geta verið hluti af opna starfinu þannig að þeir eru þá opnir öllum sem hafa áhuga á að taka þátt og þá er um að ræða viðburði sem börn og unglingar hafa komið með hugmyndir að og tekið að sér að skipuleggja. Undir opna starfið fellur ýmis konar fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir. Börnum og unglungum gefst í opna starfinu tækifæri til að koma eigin hugmyndum á framfæri og taka þátt í að skipuleggja og framkvæma þær í samráði við starfsfólk sem getur verið afar lærdómsríkt ferli. Börnum og unglungum er skapaður vettvangur til að hittast á hlutlausum og öruggum stað þar sem hægt er að koma á eigin forsendum og vera virkur á þann hátt sem hentar hverju sinni undir handleiðslu starfsfólks.

Hópastarf (oft einnig talað um klúbbastarf t.d. þegar hópur er myndaður í kringum sameiginlegt áhugamál): Gefur börnum og unglungum möguleika á að starfa í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstöð starfsmanns. Oft er lögð mikil áhersla á þroska sjálfsvitundar en gleymist að fjalla um mikilvægi þess fyrir börn og unglunga að þroska með sér hópvitund (e. group identity) án þess að reynt sé að gera lítið úr því fyrrnefnda. Leggja þarf áherslu á það jákvæða ferli hjá börnum og unglungum sem felst í því að tilheyra og tengjast öðrum. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri til reynslunáms með beinni og óbeinni fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis áhugaverð málafni.

Námskeið og smiðjur: eru helst í starfi með 10-12 ára aldurshópnum. Víða er verið að bjóða á vegum félagsmiðstöðva upp á námskeið eða smiðjur yfir sumar- og vetrartímamann fyrir þennan aldurshóp þar sem unnið er með fyrirfram ákveðinn fjölda þátttakenda hverju sinni. Fyrirkomulagið getur verið með ýmsu móti, 1-2 klukkustundir í senn í eitt eða fleiri skipti. Þarna gefst starfsfólki og börnum tækifæri til

að vinna að afmörkuðu viðfangsefni í fámennari hópum þar sem áhersla er lögð á að ákveðinn lærdómur eða styrking geti átt sér stað, s.s. sjálfsstyrking, sköpun, hreyfing/útivist eða félagsfærni.

Opið öllum: Þau börn sem þurfa á einhverskonar aðstoð að halda geta tekið þátt í öllu félagsmiðstöðvastarfi og munu fá þá aðstoð sem þau þurfa til þess að geta tekið þátt frá starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar.

Neysla vímuefna og reykingar

Neysla áfengis og annarra ávana- og fíkniefna er óheimil í öllu starfi félagsmiðstöðva. Það sama gildir um tóbaksnotkun (sígarettur, nef- og munntóbak, rafrettur og tóbakslíki). Ef börn verða uppvís að brotum á ofangreindum reglum er alltaf haft samband við foreldra.

Sértækt félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-16 ára fötluð börn

Skóla- og frístundasvið starfrækir fjórar félagsmiðstöðvar fyrir fötluð börn og unglinga í 5. - 10. bekk í almennum grunnskólum. Sértekta félagsmiðstöðvarnar eru Höllin fyrir börn og unglinga í Grafarvogi, Hellirinn fyrir börn og unglinga í Breiðholti, Grafarholti, Árbæ og Norðlingaholti og Hofið sem er fyrir þá sem búa vestan Elliðaána. Börn og unglingar sem eru í Klettaskóla geta sótt félagsmiðstöðina Öskju. Sótt er um í gegnum [Völu frístund](#) fyrir hvert skólaár. Til þess að skrá þarf foreldri að hafa rafræn skilríki eða „Íslykil“. Gjald er tekið fyrir þjónustu sértækra félagsmiðstöðva, sjá [gjaldskrá](#).

Foreldrar barna sem hafa flutt til Íslands á seinustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og hafa annað móðurmál en Íslensku, geta sótt um þriggja mánaða ókeypis frístundastarf, hvort sem það er í frístundaheimili eða sértækri félagsmiðstöð. Vinsamlegast hafið samband við forstöðumann viðkomandi frístundaheimilis eða sértækri félagsmiðstöð fyrir frekari upplýsingar.

Sértækt félagsmiðstöðvarstarf fyrir fötluð börn er opið eftir að almennum skóladegi lýkur til kl. 17.00 alla virka daga. Einnig er opið frá kl. 08.00 - 17.00 í öllum skólafríum fyrir utan vetrarfrí. Opið er allan daginn í páska-, jóla- og sumarfríum, á starfsdögum skólanna og foreldraviðtalsdögum.

Stefnt er að því að tengja þetta starf þeim tilboðum sem nú þegar standa þessum aldurshópi til boða í hverfunum.

Hvað kostar að vera í félagsmiðstöð?

Í felstum tilvikum er það börnum og unglingum að kostnaðarlausu að taka þátt í félagsmiðstöðvastarfinu. Ef greiða þarf fyrir þátttöku, t.d. í viðburðum, er gjaldi haldið í lágmarki. Fast gjald er þó tekið fyrir þjónustu sértækra félagsmiðstöðva og er það samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Frístundastyrkur

Börn á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Reykjavík fá árlegan frístundastyrk. Foreldrar geta nýtt þennan frístundastyrk til þess að niðurgreiða frístundastarf, bæði sértækar félagsmiðstöðvar sem og annað frístundastarf í borginni sem er þátttakandi í frístundakortinu. Hægt er að lesa sig betur til um [frístundastyrkinn á vef Reykjavíkurborgar](#).

